

## ERLE1HS05

### Að brúa huga og menningu gegnum sögur

Einingafjöldi: 5

Prep: 1

#### Lýsing

Áfanginn er erlent samstarfsverkefni sem leggur áherslu á andlega vellíðan, tjáningu og gagnrýna hugsun nemenda í stafrænum heimi. Verkefnið tengir saman menningu, listir, útivist og skrif sem leið til að efla andlega vellíðan á skapandi og fjölbreyttan hátt. Í áfanganum undirbúa nemendur móttöku nemenda frá Eistlandi og Finnlandi, auk þess að taka þátt í móttöku þeirra og vinna lokaafurð eftir ferðina.

#### Markmið

##### Lokamarkmið:

Þekkingarviðmið, nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Mikilvægi andlegrar vellíðunar í námi og daglegu lífi.
- Hlutverki lista, menningar og skapandi tjáningar.
- Tjáningu og gagnrýninni hugsun í fjölmennningarlegu samhengi.
- Lausnum til að bæta andlega heilsu og vellíðan.
- Mismunandi menningarheimum.

Leikniviðmið, nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota ritun sem tjáningarform og verkfæri til að vinna með tilfinningar
- Vinna á skapandi hátt með menningarlegar og listrænar aðferðir
- Taka þátt í samvinnuverkefnum þvert á landamæri og menningarheima
- Nýta náttúruna og útivist sem leið til að bæta andlega vellíðan
- Ræða og rökstyðja mikilvægi andlegrar heilsu og gagnrýnnar hugsunar í samtímanum

Hæfniviðmið, nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Stuðla að eigin vellíðan og annarra á skapandi hátt
- Tengja menningu, listir og sjálfstjáningu við geðheilbrigði
- Taka virkan þátt í fjölmennningarlegri samvinnu og sýna skilning á ólíkum menningarlegum sjónarhornum
- Sýna ábyrgð í eigin umgengni við menningararf og listræna sköpun
- Taka þátt í nýsköpun sem leiðir til aukinnar vellíðanar í samfélaginu